

Heilbrigðis- öryggis- og umhverfismál

Sóttvarnir

Við erum áfram með neyðarráðstafanir í gildi vegna sóttvarna hjá okkur.

Sömu ráðstafanir gilda áfram fyrir Hafnarþjónustu, en við erum búnir að sameina hópa á skrifstofu í Hafnarhúsi og í Bækistöð Fiskislóð 12.

Enn hefur ekki komið smit upp hjá okkur en starfsfólk hafur samt sem áður þurft að vera í sóttkví vegna barna eða maka á sama heimili.

Framundan á árinu 2021

- Viðhalda þeim árangri sem við höfum náð í Covid vörnum (ekkert smit)
- Endurskoðun og sameining á Heilbrigðis- Öryggis og Umhverfisstefnu (HÖU)
- Ná upp öryggisvitund starfsfólks í samræmi við HÖU stefnu
- Starfsfólk sýni frumkvæði í HÖU málum
- Betri skráning á úttekum, skoðunum á búnaði, tækjum og ferlum. Krefst uppfærslu á hugbúnaði
- Innleiða nýtt atvikaskráningarkerfi, vonandi beintengt og hluti af góðu verkefna/verkbókhalda
- Notkun snjalltækja við skráningu og skoðanir
- „Walk Our Talk“, vera gagnsæ hvað varðar verklagsreglur og raunveruleika
- Áhersla á að okkar verktakar og birgjar fylgi okkar HÖU, þegar unnið er fyrir okkur

Atvik. Frá stjórnarfundum 8/12

Ekkert fjarveruslys né skyndihjálparslys hefur verið **frá 12.11.**

Mengun, Tjón


Engin mengun eða tjón tilkynnt frá 4.12.20

Atvik, samanburður milli ára.

Samantekt á tilkynntum atvikum milli 2019-2020. Hafa ber í huga að skráning 2019 var ekki eins flokkuð en reyndi að handtíma samanburðarhæf gögn saman úr tveimur kerfum.

Skráningin 2020 er eins allt árið og verður vel samanburðarhæft 2021

Vinnuvernd - slys 2019-2020



Flest fjarveruslys eru þegar hafnarþjónustumenn falla, misstíga sig eða rekast á. Eitt fjarveruslys við vinnu með handverkfæri.

Skyndihjálparslysín eru vinnuaðferða -tengd: sorplosun stunga, sigið í kapalspor og hlutur fellur á smíð.


Tjón – Óhöpp.



Við lentum í tiltölulega mörgum atvikum með báta okkar þar sem aðskotahlutur fór í skrófu báts (4 sinnum.) og síðan smáskemmdir á bátum við vinnu.

Ökutækjatjónum fækkað á árinu úr 9 í 4.

Mengun




Flest mengunartilvik eru vegna olíu og eru smávægileg. Oftast eru þetta smá spýjur sem valda sjónmengun. Eða eitthvað hefur hellst niður á jörðu og verið þrifið.

Í gangi er átak að aðstoða starfsemi á hafnarsvæðinu við að geta brugðist við hraðar og á meðvitaðri hátt.

Gerlamengun er mæld í höfninni og eru þessi tilvik bæði í Vesturhöfn, líklega vegna mistaka í dælingu.


Ábendingar - Kvartanir 2019-2020



Flest tilfelli eru öryggismál enda áhersla á hjá okkur að tilkynna ef eitthvað þarfnast athugunar.

Síðan eru ábendingar um svæðin okkar alltaf vinsælar. Því miður eru gögnin ekki greind með hversu margar ábendingar eru utanafkomandi og hversu margar innan fyrirtækisins.

Umbótaverkefni 2019-2020



Við skráum umbótaverkefnin sér og fylgjumst með þeim innan ábendingarkerfis.

Samantekt, Bergsteinn Ísleifsson, Öryggisfulltrúi.